



## Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 13. ágúst 2012, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Samþykkt var á fundi að færa málsnr: 1201002 í lið 1 og mál 1106002 í lið 2 í dagskrá fundarins.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Herdís Matthíasdóttir og Vilberg Þráinsson í forföllum Egils Sigurgeirssonar. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags og byggingafulltrúi og ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundargesið velkomna og gengið var til dagskrár fundarins.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1201002 – Reykhólahöfn 219869, umsókn um byggingalóð.

Athugasemd vegna grenndarkynningar.

*Formaður bauð Einar Ólafsson framkvæmdastjóra Þörungaverksmiðjunnar velkominn á fundinn.*

*Einar gerði grein fyrir athugasemdum í grenndarkynningu á skipulagsupprætti við hafnar svæðið samkvæmt bréfi dags. 24.07.2012.*

*Einari var þakkað fyrir skýringar á athugasemdum og yfirgaf fundinn.*

*Nefndin felur Byggingafulltrúa að móta breytingatillögu til að koma á mótis við athugasemdir sem verða lögð fyrir á næsta fundi.*

#### 2. 1106002 – Breyting á aðalskipulagi 2006-2018 vegna deiliskipulags Þórisstöðum.

Athugasemdir vegna auglýstrar breytingar á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018.

*Vegagerð ríkisins, mælir eindregið gegn því að heimilað verði að sinni ° deiliskipulagning innan Búlkár eins og sýnd er á deiliskipulagstillögu vegna jarðgangnagerðar í Þórisstaðalandi og gerir athugasemd vegna krossgatnamóta við lóð 11-14 samkvæmt bréfi dags: 18.06.2012*

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagstillöguna því samkvæmt Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 er ekki gert ráð fyrir gerð jarðganga í landi Þórisstaða í Þorskafirði.*

*Nefndin samþykkir athugasemdir Vegagerðarinnar vegna krossgatnamóta að lóð 14 ofan vegar og lóðum 11-14 neðan vegar og komið verður á mótis við athugasemda þar við.*

*Umhverfisstofnun bendir á að nýta ætti þegar röskuð svæði fyrir frístundabyggð ef þess er kostur og gengið verði frá allri fráveitu sbr. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skolp. Nefndin tekur undir þessar ábendingar.*

*Fornleifavernd ríkisins, telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.*

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagstillöguna.*

**3. 1208017 – Hellisbraut 72, 139721, hitaveitulögn**

Ósk Orkuveitu Vestfjarða ofh. um framkvæmdaleyfi vegna hitaveitulagna og brunns.

*Umsóknin er samþykkt en nefndin vill að staðsetning á brunni merkt nr. 4 verði staðsettur vestan við Maríutröð merkt nr. 3 á teikningu frá Orkubúi Vestfjarða dags. 13.07.2012 SRS.*

**4. 1208019 – Skólabraut 1, 139655, frágangur á sparkvelli Reykhólaskóla.**

Tillaga og tilboð frá Gunnbirni Óla Jóhannssyni móttekið 16. júlí 2012.

*Nefndin tekur vel í þessar framkvæmd en leggur til að svæðið verði tekið í heild sinni og áfangaskipt til þriggja ára og boðið út.*

**5. 1208018 – Fjögurra ára samgönguáætlun 2013 - 2016**

Erindi frá Siglingastofnun dagsett 29. júní 2012.

*Sveitarstjóra og Hafnarstjóra falið að skila inn umsóknum til Siglingastofnunar.*

**6. 1112016 – Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.**

*Unnið er að gerð áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.*

**Mál til kynningar:**

**7. 1202020 – Sjóvarnir í Flatey**

Svar Siglingastofnunar dagsett 27. júní 2012 við erindi sveitarstjóra þann 24. febrúar 2012.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. 1208020 – Eldvarnaeftirlit 2012.**

Skýrslur frá Eldstoðum ehf. dagsettar 27. júlí 2012.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. 1208021 – Rekstrarform hafna.**

Minnisblað innanríkisráðuneytisins sent frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 22. júní 2012.

*Lagt til kynningar.*

**10. 1208022 – Fundargerð 347. fundar Hafnarsambands Íslands 20. júní 2012.**

*Lagt til kynningar.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**11. 1208036 – Umsókn um niðurrif mannvirkja á Skálanesi landnr: 139669.**

Mhl 22 Véla og verkfærageymsla 31.1 m<sup>2</sup>

Mhl 26 Geymsla 8.5 m<sup>2</sup>

Umsækjandi er Katrín Ólafsdóttir

*Umsóknin er samþykkt.*

**12. 1208037 – Umsókn um niðurrif mannvirkja á Skálanesi landnr: 139669.**

Mhl 09 Hlaða 33.4 m<sup>2</sup>

*Umsóknin er samþykkt.*

**13. 1208038 – Ósk um að húseign Reykhólahrepps verði fjarlægð af landi Skálaness í Reykhólahreppi landnr: 139669 og fasteignin 173261 óskilgreindri lóð 3 skilað til landeiganda.**

Erindi frá Sveini Hallgrímssyni og Katrínu Ólafsdóttur Skálanesi.

*Nefndin samþykkir að mannvirkið verði fjarlægt og leitað verði tilboða við niðurrif og frágangi á lóð.*

**Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður að stærð**

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14.45**

_____	_____
_____	_____
_____	_____